



## Faghópur 3

### Fundargerð 8. fundar

Blönduvirkjun, 15. júní 2009, kl. 11:00

**Mætt:** Kjartan Ólafsson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð. Auk þess sat fundinn Elín R. Líndal úr verkefnisstjórn.

**Forföll:** Daði Már Kristófersson

#### Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
1. **Kynningarfundir með þingflokkum og lagarammi.** Formaður upplýsti fundarmenn um vel heppnaða kynningarfundir sem haldnir hafa verið með þingflokkum í Alþingishúsinu. Fundum er lokið með Samfylkingu, Framsóknarflokki, Borgarahreyfingunni og Vinstri-grænum og stefnt er að fundi með Sjálfstæðisflokki á næstu dögum. Þá gerði hann grein fyrir þeim hugmyndum sem rætt er um varðandi lagaramma um niðurstöður rammaáætlunar. Nú er stefnt að því að frumvarp komi fram á haustþingi um stöðu rammaáætlunar og niðurstöður áætlunarinnar tengist tilbúnum lagaramma í formi þingsályktunar eftir áramót.
2. **Aðferðafæðin.** Stefnt er að opnum kynningarfundum faghópa í sumarlok þar sem áherslan verður á aðferðafræði í starfi hópanna. Formaður útlitaði stuttlega muninn á aðferðafræði faghópa 3 í 1. og 2. áfanga rammaáætlunar. Í þeim fyrri var megin áhersla á efnahagsmál þar sem þess var freistað að verðmeta sem flesta þætti í krónum og aurum. Nú verður meiri áhersla lögð á almennt mat um áhrif fremur en að setja verðmiða á matsþætti. Í framhaldinu var rætt um aðferðafæði annarra faghópa, sérstaklega faghópa 1 og 2 sem m.a. fjallar um ferðaþjónustu. Varpað var fram þeirri spurningu hvort faghópur 3 ætti einnig að beina sjónum að málefnum ferðaþjónustunnar; erfitt væri að sneiða hjá því á almennum nótum og meti á heilðrænum áhrifum. Í því sambandi gæti hópurinn tekið mið af gögnum og úrvinnslu faghóps 2. Ákveðið var að bæta inn í drög að viðfangalista eftirtöldum þáttum: Þekkingaryfirfærsla, öryggisstaðlar og –viðmið, m.t.t. vinnubragða sem tíðkast hjá erlendum framkvæmdaaðilum.

Varpað var fram þeirri skoðun að mikilvægt væri að hafa í huga og meta hvers virði væri að virkja ekki? Leitast við að svara spurningum á borð við: hvaða möguleikar skapist með virkjun? Hverju hendum við út um gluggann ef ráðist er í virkjun? Hvaða möguleikaútiloka virkjunarframkvæmdir?

3. **Efnahagsleg nálgun.** Í efnahagslegu tilliti verður litið til staðbundinna (landshlutareikningar/tegni-líkan) og þjóðhagslegra áhrifa (líkan frá Hagfræðistofnun).
4. **Hlutverk verkfræðifyrirtækja.** Samþykkt var að fá fulltrúa frá verkfræðistofum á næsta fund til að kynna viðhorfum og nálgun þeirra á rannsókn- og hönnunarferli annars vegar vatnsafls- og hins vegar jarðvarmavirkjana. M.a. að velja því upp hvort og þá hvernig umfjöllunarvið faghópsins tengist undirbúningsferlinu og að meta hvort innlend þekking er í sókn, bæði m.t.t. innflutnings þekkingar frá útlöndum og auknu þekkingarstigi í framhaldi af innlendum rannsóknum og hönnunarvinnu.
5. **Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri Blönduósbæjar.** Arnari hafði verið boðið til fundarins til að gefa yfirlit yfir hugmyndir og möguleika sem sveitarfélagið tengi orkunýtingu.
  - a. Margir draga í efa að Blönduvirkjun skilji nokkuð eftir sig í héraðinu. Arnar telur þó virkjunina skipa stóran sess í samfélaginu og heimamenn eru stoltir af henni. Þótt starfsmenn virkjunarinnar séu ekki margir eru þar á ferðinni örugg og stöðug störf.
  - b. Umræður við Arnar snerust að mestu um hugmyndir um að reisa stórt netþjónabú í sveitarfélaginu en viðræður hafa um nokkurt skeið staðið við samstarfsnefnd hollenskra, bandarískra og íslenskra aðila. Stefnt er að því að ljúka samningagerð í sumar og framkvæmdir gætu hafist í haust. Tekið hefur verið frá 1000 hektara svæði og 1. áfangi, sem krefst um 100 MW afls, yrði um 1/10 af mögulegri heildarfjárfestingu. „Ef af verður breytir það öllu fyrir norð-vesturland. Framkvæmdir kalla á mikinn mannafla við uppbyggingu og síðan á bilinu 80-120 fjölbreytt framtíðarstörf þar sem m.a. er kallað á háskólamenntaða starfsmenn. Reynsla annarra þjóða er sú að umhverfis slík bú spretta upp sprotafyrirtæki og tæknigarðar. Til að tryggja tilkomu slíkra búa er mikilvægt að styrkja infrastrúktur landsins á sviði ljósleiðara og öruggra nettenginga við útlönd. Staða norð-vesturlands fyrir staðsetningu netþjónabúa er mjög sterk: Orkan er nálæg og örugg og loftlagið hentugt.“
6. **Næsti fundur** verður haldinn kl. 10:00 þann 29. júní í Reykjavík. Stefnt er að því að fá í heimsókn fulltrúa frá verkfræðistofum og Landsneti.